

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Garðabær, 5. desember 2022
Málsnúmer: 202211-0023
SS

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu á breytingu á lögum um lax- og silungsveiði.

Vísað er í tölvupóst frá Matvælaráðuneytinu, dags. 10. nóvember 2011, þar sem óskað er eftir umsögn um mál í samráðsgátt stjórnvalda nr. 213/2022 – „Áform um lagasetningu – breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði (hnúðlax)“.

Stefnt er að því að breyta lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 með því að setja í lög in ákvæði um heimildir til rannsókna og veiða á hnúðlaxi og framandi tegundum er koma í íslenskt ferskvatn við tiltekna aðstæður með tilteknum veiðarfærum. Einnig er stefnt að því að setja í lög in ákvæði er heimila ráðherra að setja reglugerðir varðandi hnúðlax/framandi tegundir.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur jákvætt að stefnt sé að lagabreytingunni. Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að hafa áhyggjur af aukinni útbreiðslu hnúðlaxins og að nauðsynlegt sé að áhrif af tilvist og aukningu tegundarinnar á líffræðilega fjölbreytni ferskvatns séu könnuð til hlítar. Það er því mikilvægt að núverandi laga- og regluumhverfi komi ekki í veg fyrir nauðsynlegar rannsóknir á hnúðlaxi eða öðrum framandi tegundum í fersku vatni sem og aðgerðir til að bregðast við mögulegum vandamálum sem steðja af aukinni útbreiðslu þeirra.

Mikilvægt er að gildissvið lagaákvæða sé skýrt um hvaða fleiri framandi tegundir það á við um. Er einungis átt við um framandi fiskitegundir t.d. flundru sem er nú þegar orðin mjög útbreidd eða getur það átt við um aðra lífveruhópa t.d. hryggleysingja og jafnvel þörungna eða plöntur.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum við gerð frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

